

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F8/2025

Reykjavík, 5. júní 2025

Reykjavíkurborg
Ebba Schram borgarlögmaður
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Umboðsmaður Alþingis veitti nýlega athygli fréttatflutningi af ætluðum breytingum á birtum fundargerðum Reykjavíkurborgar. Nánar tiltekið var greint frá því í Morgunblaðinu og vefnum mbl.is 23. maí sl. að fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa hefði verið tekin út af vefsíðu Reykjavíkurborgar, henni breytt og svo birt á nýjan leik í hinum breytta búningi. Í frétt Morgunblaðsins er haft eftir borgarstjóra í samhengi breytinganna að umsögn um tiltekna byggingu hafi ekki þótt „[...] alveg málefnalegt innlegg“.

Sú fundargerð, sem um er að ræða, er vegna afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa nr. 1011, 15. maí sl. Undir lið 23 í fundargerðinni er fjallað um Álfabakka 2A. Þær er lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa á nýjan leik eftir að því var vísað til umsagnar verkefnastjóra. Umsögn skipulagsfulltrúa er að finna undir fylgigögnum með þessum lið fundargerðarinnar. Umrædd umsögn mun vera það gagn sem á að hafa tekið breytingum eftir að fundargerðin var tekin úr birtingu og áður en hún var birt á nýjan leik.

Eftir því, sem best verður séð, er tvær útgáfur umræddrar umsagnar að finna á vefsíðu Reykjavíkurborgar. Sú umsögn, sem ætla má að sé upprunaleg, er dagsett 15. mars sl. en hin breytta 15. maí sl., sama dag og fyrrnefndur afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa var haldinn. Í umsögninni, sem dagsett er 15. maí sl., sýnast hafa verið teknar út tvær síðustu efnisgreinar niðurstöðukafla en þær er að finna í umsögninni frá 15. mars sl. Í umræddum efnisgreinum komu meðal annars fram sjónarmið um skort á kröfum til fagurfræði og samhengis í íslenskri löggjöf auk þess sem því var lýst að fagurfræði væri ekki smekkur heldur samhengi og að umrædda byggingu skorti slíkt. Þessu til viðbótar er munur á þeim fylgigögnum, sem sögð eru hafa fylgt umsókn, en í eldri umsögninni eru auk sameinaðra aðaluppdrátta sögð hafa fylgt yfirlit breytinga og greinargerð brunavarna en tveggja síðarnefndu fylgiskjalanna er ekki getið í umsögninni frá 15. maí. Frekari munur er á umsögnunum tveimur, meðal annars sá að undir umsögnina 15. mars sl. ritar nafngreindur

starfsmaður Reykjavíkurborgar en undir umsögninni 15. maí sl. stendur aðeins „Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur“. Hvorki verður séð að í fundargerð afgreiðslufundarins né umsögninni 15. maí sl. sé þess getið að breytingar hafi verið gerðar á fundargerð eða fylgiskjölum eftir birtingu hennar.

Áður en umboðsmaður tekur ákvörðun um hvort mál þetta verði tekið til frekari athugunar á grundvelli þeirra heimilda, sem umboðsmanni eru fengnar samkvæmt lögum nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, er þess óskað, sbr. 5. og 7. gr. laganna, að Reykjavíkurborg veiti upplýsingar og skýringar á eftirfarandi atriðum. Í fyrsta lagi er þess óskað að upplýst verði hvort fundargerð framangreinds afgreiðslufundar hafi verið tekin út af vefsíðu sveitarfélagsins og sett inn á nýjan leik með breyttri umsögn skipulagsfulltrúa svo og hvor framangreindra umsagna var sannarlega samþykkt á umræddum fundi 15. maí sl. Hafi umsögninni verið breytt eftir að fundargerðin var birt, er þess í öðru lagi óskað að sveitarfélagið upplýsi um hvaða breytingar voru gerðar, skýri hvers vegna og á hvaða grundvelli. Loks er í þriðja lagi óskað upplýsinga um, hafi breytingar verið gerðar á fundargerðinni, hvort sú framkvæmd tíðkist almennt við birtingu fundargerða hjá Reykjavíkurborg og þá við hvaða aðstæður. Sé sú raunin er óskað upplýsinga um síðustu fimm tilvik þar sem fundargerðum var breytt.

Þess er óskað að svör berist umboðsmanni eigi síðar en 26. júní næstkomandi.

Virðingarfyllst,
f.h. umboðsmanns Alþingis

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir
Skrifstofustjóri frumkvæðismála
og OPCAT